




Borgarbyggð

Lýsing á deiliskipulagi svæðis fyrir frístundabúskap á Hvanneyri

08.08.2016

Uppfærð 25.08.2016



Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar þann _____

Verknr. d493

Lýsing á deiliskipulagstillögu sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er um 14 ha og er staðsett nyrst í jaðri þéttbýlis Hvanneyrar. Svæðið liggur vestan við Ásveg og sunnan við athafnasvæði. Suðvestan þess er iðnaðarsvæði með tveggja þrepa hreinsistöð sem rekin er af Veitum ohf. Austan við svæðið er athafnasvæði með verkstæði, útungunarstöð fyrir alifugla og prestsetri Staðarhóll. Fyrir sunnan svæðið eru landbúnaðarbyggingar. Innan deiliskipulagssvæðisins er reiðvöllur, beitarsvæði, hluti flæðiengja við Hvítá, reiðgötur, sex hesthús með hestagerði og aflögð malarnáma. Uppbygging svæðisins hófst um 1984.


Markmið deiliskipulags er að skilgreina lóðir og byggingareitir fyrir húsdýrabyggingar til frístundanota, beitarsvæði og svæði fyrir reiðvöll. Ein bygging má vera allt að 2000 m² að grunnfleti og samanstendur af hesthúsi og reiðhöll. Á einni lóð er leyfilegt byggja allt að 480 m² við núverandi hesthús en aðrar byggingar mega vera allt að 225 m² að grunnfleti. Á svæðinu má stunda hestatamningar í atvinnuskyni.

Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 er í gildi. Skilgreind landnotkun í aðalskipulagi á því svæði sem deiliskipulagið tekur til er opið svæði til sérstakra nota – hesthúsahverfi (O1). Reiðleiðir liggja um svæðið og í jaðri þess, og er það innan friðlýsts svæðis Andakíls.

Fyrir liggja drög að deiliskipulagi Hvanneyrar frá árinu 2001 og hefur uppbygging á svæðinu tekið mið af því. Þar er gert ráð fyrir hesthúsahverfi með reiðvelli og sjö lóðum. Reiðvöllur og sex hesthús eru risin á svæðinu.

Andakíll er friðlýstur í samræmi við auglýsingu í Stjórnartíðinda nr. 338 /2011 um verndun búsvæðis fugla sem er í samræmi við 55. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og í samræmi við samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971) sbr. Stjórnartíðindi C nr. 1/1978. Heildarstærð friðlandsins er 3086 ha. Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979) sbr. Stjórnartíðindi C nr. 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeró 1992) sbr. Stjórnartíðindi C nr. 3/1995. Þann 2. febrúar 2011 var gerður samningur á milli Umhverfisstofnunar og Landbúnaðarháskóla Íslands um umsjón og rekstur búsvæðis fugla í Andakíl.



AÐALSKIPULAG BORGARBYGGÐAR 2010-2022 - HVANNEYRI

Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Ríkiseignir, Veitur vegna fráveitustöðvar, Stofnungi á Melabraut 10, Jörfi á Melabraut 6 og íbúar Staðarhóls (landnr. 133913).

Skipulagsferli, kynning og samráð

Lýsing á skipulagstillögu verður kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum í ágúst 2016. Lýsing mun verða auglýst með áberandi hætti og hún jafnframt gerð aðgengileg á heimasíðu og skrifstofu Borgarbyggðar. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagstillaga verði kynnt íbúum í september 2016 og hún tekin til afgreiðslu sveitarstjórnar haustið 2016. Að lokinni umfjöllun sveitarstjórnar skal senda deiliskipulags-tillöguna til umsagnar Skipulagsstofnunar. Tillagan verður auglýst sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga 123/2010.

Verknr. d493

